

Hvalasafnið á Húsavík ses.

kt. 460105-3740

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit**bls.**

Skýrsla stjórnar	2 - 3
Áritun óháðs endurskoðanda	4 - 5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7 - 8
Skýringar	9 - 13

Hvalasafnið á Húsavík ses.

kt. 460105-3740,
Hafnarstétt,
640 Húsavík.

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi stofnunarinnar

Markmið stofnunarinnar er að reka fræðslumiðstöð og safn um hvali, lífríki þeirra hér við land ásamt því að veita almennar upplýsingar um sögu hvalveiða og hvalaskoðunar. Stofnuninni er einnig ætlað að safna upplýsingum, sögum, gögnum og gripum sem tengjast markmiðum safnsins ásamt því að stuðla að rannsóknum á hvölum án þess að skaða þá. Þá er safninu ætlað að verka og varðveita beinagrindur af hvölum, höfrungum og hnísam sem festast í veiðarfærum eða stranda við Ísland eftir því sem ástæða þykir til eða aðstæður leyfa. Safnið skal einnig leitast við að miðla almennri fræðslu um lífríki sjávar, þar á meðal; fræðslu um lífkeðjuna í sjónum, hafstrauma, fiskistofnana, sjálfbæra nýtingu auðlindarinnar, umgengni við auðlindina, hættur sem stafa af mengun, rannsóknir á lífríki sjávar og fleira. Einnig ver slun með minjagripum og tengd starfsemi. Komi til að sjálfseignarstofnuninni verði slitið mun fjármunum hennar eingöngu verða varið til málefna í þágu almannaheilla í samræmi við tilganginn eins og honum er lýst í grein þessari.

Starfsemin á árinu

Það er álit stjórnar stofnunarinnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu stofnunarinnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Fjöldi ársverka á árinu voru 2.

Áhrif Covid-19 heimsfaraldurs á rekstur stofnunarinnar

Stjórnendur félagsins hafa yfirfarið áhrif Covid-19 heimsfaraldursins á rekstur stofnunarinnar. Áhrif faraldursins eru veruleg og koma fyrst og fremst fram í verulegum samdrætti tekna stofnunarinnar vegna aðgöngumiðasölu og sölu minjagripa og bóka á milli ára eða um tæplega 69% og heildartekjusamdrætti á milli ára uppá 63%.

Vegna tekjufalls í rekstrinum gripu stjórnendur stofnunarinnar til þeirra aðgerða sem mögulegt var til þess að lækka rekstrarkostnað hjá stofnuninni, en þar sem stofnunin er undanþegin skattskyldu samkvæmt 5. tl. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt gat hún ekki nýtt sér helstu mótvægisáðgerðir stjórnvalda til þess að létta undir með rekstraraðilum sem urðu fyrir skakkaföllum vegna faraldursins svo sem lokunar- og tekjufallsstyrki eða greiðslu launakostnaðar á uppsagnarfresti. Aðgerðir stjórnenda fólust því fyrst og fremst í lækun starfshlutfalls starfsmanna, frestun á fyrirhuguðum kostnaði vegna viðhalds og endubótum á safninu og munum þess ásamt því að draga úr öðrum rekstrarkostnaði eins og kostur var. Þá var samið við lánveitanda félagsins um frestun á greiðslu vaxta og afborgana af vaxtaberandi langtímalánum stofnunarinnar til þess að styrkja sjóðsstöðu stofnunarinnar í faraldrinum.

Þrátt fyrir framangreind áhrif heimsfaraldursins er það mat stjórnenda stofnunarinnar að faraldurinn hafi ekki haft áhrif á rekstrarhæfi eða mat eigna og skulda og ársreikningur lagður fram á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis. Er í því sambandi horft til þess að staða stofnunarinnar er sterk en eiginfjárhluftall er 73,24% í árslok 2020 og þá er veltufjárhluftall stofnunarinnar 3,0 í árslok 2020. Ekkert bendir til að það mat breytist í fyrirsjáanlegri framtíð.

Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að starfsemi félagsins verði í grunninn með svipuðum hætti á árinu 2021 og á árinu 2020. Þó er gert ráð fyrir að umsvif fari aftur vaxandi samhliða dvínun heimsfaraldursins.

Jöfnun taps

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi jöfnunar á tapi ársins.

Eignaraðild

Hvalasafnið á Húsavík er sjálfseignarstofnun. Stofnunin ein ber ábyrgð á skuldbindingum sínum.

Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engir verulegir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsárs utan áframhaldandi áhrifa Covid-19 heimsfaraldurs sem fjallað er um hér fyrir ofan.

Stjórn Hvalasafnsins á Húsavík ses. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2020 með áritun sinni.

Húsavík 28. apríl 2021

Jan Aksel Harder Klitgaard
Stjórnarformaður

Guðrún Þórhildur Emilsdóttir
Meðstjórnandi

Hjálmar Bogi Hafliðason
Meðstjórnandi

Lilja Rögnvaldsdóttir
Meðstjórnandi

Eva Björk Káradóttir
Framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Hvalasafnsins á Húsavík ses.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hvalasafnsins á Húsavík ses. fyrir árið 2020, að undanskilinni skýrslur stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2020 og efnahag hennar 31. desember 2020, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Við höfum endurskoðað

- Rekstrarreikning fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2020
 - Efnahagsreikning þann 31. desember 2020
 - Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda.

Óhæði

Við erum óháð stofnuninni samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi stofnunarinnar. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum stofnunarinnar að meta hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning stofnunarinnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa stofnunina upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi stofnunarinnar. Stjórnendum stofnunarinnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvíska ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að stofnunin verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Húsavík 28. apríl 2021

PricewaterhouseCoopers ehf.

Rúnar Bjarnason,
löggiltur endurskoðandi.

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur			
Aðgöngumiðasala		16.364.823	49.827.070
Sala minjagripa og bóka		6.603.913	24.064.535
Verkefnastyrkir og aðrir styrkir		7.365.430	7.534.528
Aðrar tekjur		0	439.582
		<u>30.334.166</u>	<u>81.865.715</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld		22.790.558	33.928.769
Annar rekstrarkostnaður		13.628.049	31.354.749
		<u>36.418.607</u>	<u>65.283.518</u>
(Rekstrartap) -hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		(6.084.441)	16.582.197
Afskriftir	3	5.049.221	4.881.365
(Rekstrartap) -hagnaður		(11.133.662)	11.700.832
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og gengishagnaður		52.166	207.274
Vaxtagjöld og verðbætur		(1.731.083)	(2.098.487)
		<u>(1.678.917)</u>	<u>(1.891.213)</u>
(Tap) hagnaður ársins		<u>(12.812.579)</u>	<u>9.809.619</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Fastafjármunir			
Efnislegar eignir	3		
Fasteign		87.751.738	87.747.883
Áhöld og tæki		617.736	702.049
Munir		16.611.886	19.373.962
		<u>104.981.360</u>	<u>107.823.894</u>
Fastafjármunir samtals		104.981.360	107.823.894
Veltufjármunir			
Birgðir		4.756.201	2.995.203
Viðskiptakröfur	4	162.000	613.868
Fyrirframgreiddur kostnaður og aðrar kröfur		560.073	1.570.525
Handbært fé		12.683.272	21.706.680
		<u>18.161.546</u>	<u>26.886.276</u>
Eignir samtals		<u><u>123.142.906</u></u>	<u><u>134.710.170</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Eigið fé	5		
Stofnfé		21.049.374	21.049.374
Óráðstafað eigið fé		<u>69.139.973</u>	<u>81.952.551</u>
		90.189.347	103.001.925
 Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán	6	<u>26.898.171</u>	<u>25.201.252</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		1.060.600	807.247
Aðrar skammtímaskuldir		3.780.032	3.642.500
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	6	<u>1.214.756</u>	<u>2.057.245</u>
		6.055.388	6.506.992
 Skuldir samtals		32.953.559	31.708.245
 Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>123.142.906</u></u>	<u><u>134.710.170</u></u>
 Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar	7		
Aðrar upplýsingar	8		

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Hvalasafnið á Húsavík ses. rekur fræðslumiðstöð og safn um hvali, lífríki þeirra hér við land ásamt því að veita almennar upplýsingar um sögu hvalveiða og hvalaskoðunar.

Hvalasafnið á Húsavík ses. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur stofnunarinnar er að Hafnarstétt 1, 640 Húsavík.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

2.2 Innlausn tekna

Tekjur eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda og hægt er að meta fjárhæðina með ábyggilegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttækis gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttækna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti.

Vörusala

Tekjur af vörusölu eru færðar við afhendingu. Seldar vörur eru með 30 daga skilarétt og er byggt á fyrri reynslu við áætlun á vöruskilum í lok árs. Tekjur eru færðar á gangvirði móttækis gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttækna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti.

2.3 Aðrar rekstrartekjur

Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

2.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

Skýringar

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir, frh.

2.5 Efnislegar eignir og afskriftir

Efnislegar eignir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteignir	50 ár
Áhöld, tæki og munir	3 - 50 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbætunarn hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbætunarn eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

2.6 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2021. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

2.7 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

2.8 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.9 Birgðir

Birgðir eru vörur til endursölu og eru þær metnar á kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist.

Skýringar

3. Efnislegar eignir og afskriftir

Efnislegar eignir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteign	Áhöld og tæki	Munir	Samtals
Árslok 2019:				
Bókfært verð í ársbyrjun	85.123.702	907.855	18.874.918	104.906.475
Viðbætur á árinu	4.772.710	0	3.026.074	7.798.784
Afskrifað á árinu	(2.148.529)	(205.806)	(2.527.030)	(4.881.365)
Bókfært verð í árslok	87.747.883	702.049	19.373.962	107.823.894
Bókfært verð í árslok 2019 greinist þannig				
Kostnaðarverð	113.470.298	5.123.437	28.611.174	147.204.909
Afskriftir	(25.722.416)	(4.421.388)	(9.237.212)	(39.381.016)
Bókfært verð í árslok	87.747.882	702.049	19.373.962	107.823.893
Árslok 2020:				
Bókfært verð í ársbyrjun	87.747.883	702.049	19.373.962	107.823.894
Viðbætur á árinu	2.206.687	0	0	2.206.687
Afskrifað á árinu	(2.202.832)	(84.313)	(2.762.076)	(5.049.221)
Bókfært verð í árslok	87.751.738	617.736	16.611.886	104.981.360
Bókfært verð í árslok 2020 greinist þannig				
Kostnaðarverð	115.676.985	5.123.437	28.611.174	149.411.596
Afskriftir	(27.925.248)	(4.505.701)	(11.999.288)	(44.430.237)
Bókfært verð í árslok	87.751.737	617.736	16.611.886	104.981.359

Fasteign, innréttingar, safn og munir eru vátryggð fyrir kr. 297.254.000.

Fasteignir stofnunarinnar í árslok 2020 voru eftirtaldar:

	Fasteigna- mat hús	Fasteigna- mat leigulóð	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Hafnarstétt 1	62.250.000	10.250.000	230.100.000	87.751.738

4. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

	31.12.2020	31.12.2019
Viðskiptakröfur	162.000	788.608
Niðurfærsla viðskiptakrafna	0	(174.740)
	<u>162.000</u>	<u>613.868</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign stofnunarinnar. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Skýringar

5. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Hreyfingar á árinu 2019:			
Staða í ársbyrjun	21.049.374	72.142.932	93.192.306
Hagnaður ársins		9.809.619	9.809.619
Staða í árslok	<u>21.049.374</u>	<u>81.952.552</u>	<u>103.001.926</u>
Hreyfingar á árinu 2020:			
Staða í ársbyrjun	21.049.374	81.952.552	103.001.926
Tap ársins		(12.812.579)	(12.812.579)
Staða í árslok	<u>21.049.374</u>	<u>69.139.972</u>	<u>90.189.346</u>

6. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

Verðtryggðar skuldir í íslenskum krónum	14.639.382
Óverðtryggðar skuldir í íslenskum krónum	<u>13.473.545</u>
	<u>28.112.927</u>

Afborganir af langtímaskuld stofnunarinnar í árslok 2020 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2021	1.214.756
Árið 2022	2.082.439
Árið 2023	2.082.439
Árið 2024	2.082.439
Árið 2025	2.082.439
Síðar	<u>18.568.415</u>
	<u>28.112.927</u>

Langtímaskuldir samtals 28,1 millj.kr. koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2021, færðar meðal skammtímaskulda	1.214.756
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	<u>26.898.171</u>
	<u>28.112.927</u>

7. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

Veðsetningar

Á fasteign stofnunarinnar hvílir þinglýst veð til tryggingar skuldum hennar, sem voru að uppgreiðsluvirði um 28,1 millj.kr. í árslok 2020.

Skýringar

8. Aðrar upplýsingar

Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:	2020	2019
Laun	18.556.389	26.572.008
Launatengd gjöld	4.079.527	5.647.786
Dagpeningar	89.426	0
Breyting orlofsskuldbindingar	65.216	1.708.975
	<u>22.790.558</u>	<u>33.928.769</u>
Starfsmenn á launaskrá	3	8
Stöðugildi á árinu	2,0	3,5

Laun og þóknanir til stjórnenda námu um 8,5 millj.kr. á árinu.

Stofnunin hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

Tekjuskattur

Stofnunin er undanþegin skattskyldu samkvæmt 5. tl. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Undirritunarsíða

Stjórnarformaður
Jan Aksel Harder Klitgaard

Meðstjórnandi
Guðrún Þórhildur Emilsdóttir

Meðstjórnandi
Hjálmar Bogi Hafliðason

Meðstjórnandi
Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

Framkvæmdastjóri
Eva Björk Káradóttir

Löggiltur endurskoðandi
Rúnar Bjarnason